



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudaginn 04.08.2021 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Gunnar Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Björgvin Stefán Pétursson, Halldór Bjarki Guðmundsson sumarstarfsmaður UÍA og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar. (sjá viðhengi)
- Starfsemi skrifstofu
- Innsend erindi (sjá viðhengi)
- Sumarhátíð
- TDO
- Önnur mál.

Síðasta fundargerð

Samþykkt samhljóða

Sumarhátíð

Sumarhátíðin gekk vel en það gekk ekki alveg nógu vel að manna ýmsar stöður en það slapp til. Það þarf að virkja betur fleiri aðildarfélög til þátttöku í að manna stöður á mótinu.

Innsend erindi

- Umsókn um styrk á skíði

Óskað er eftir nánari útlistun á kostnaði við þátttöku í Lowlanders verkefninu.

Tour De Ormurinn

Það eru um 40 skráningar komnar og það væri gott að fá fleiri skráningar. Verið er að vinna í því að fá fólk til að aðstoða í keppninni.

Önnur mál

Næsti fundur verður miðvikudaginn 08.09. kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:07

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir